



Umsögn Tabú um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025.

Tabú er feminísk fötlunarhreyfing sem leggur áherslu á að berjast gegn margbætttri mismunun og stuðla að valdeflingu fólks sem upplifir jaðarsetningu á grundvelli margra þátta, t.d. fötlunar, kyngeris og aldurs. Tabú fagnar tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025. Við gleðjumst yfir því að svo yfirgripsmikil áætlun liggi fyrir og áhersla hennar á að beina sjónum að margbætttri mismunun eykur traust okkar á ályktuninni. Við viljum koma nokkrum athugasemdum og hugleiðingum á framfæri til þess að tryggja að sjónarmið fötlunar tynist ekki í þingsályktuninni.

Skilgreiningar á ofbeldi

Við vekjum athugli á að ekki er fjallað sérstaklega um að ofbeldi gagnvart fötluðum börnum og ungmennum, sem og öðrum jaðarsettum hópum, en það hefur oft fleiri og aðrar birtingamyndir. Gerendahópurinn í tilviki fatlaðra barna og ungmenna getur verið breiðari og ofbeldið ekki alltaf samkvæmt þeim skilgreiningum um kynbundið og kynferðisofbeldi sem við erum vön. Í ljósi þess að áætlað er að fara í yfirgripsmikla vinnu við að hanna fræðslufni fyrir börn og ungmenni og fagfólk sem starfar með þeim hópi teljum við nauðsynlegt að brýna þá staðreynd í þessari þingsályktunartillögu.¹

Ábyrgðaraðilar, samstarf og samráð

Um leið og við áttum okkur á að þessi aðgerðaráætlun beinist fyrst og fremst að stjórnvöldum og ríkisstofnunum viljum við vekja athygli á að það getur verið vandmeðfarið þegar kemur að forvarnarstarfi gegn ofbeldi fyrir fötluð börn og ungmenni. Fötluð börn og ungmenni, ásamt fjölskyldum þeirra, eru háð þjónustu tiltekinna ábyrgðaraðila sem vísað er til og hafa afar misjafna reynslu af því. Þá hafa sumir þessir aðilar gerst uppvísir um alvarlega mismunun á grundvelli fötlunar. Ekki er sjálfgefið að stofnanir sem sérhæfa sig í fötlunum hafa faglega þekkingu á áhrifum og afleiðingum ofbeldis fyrir fötluð börn og ungmenni eða reynslu þeirra að kynverund, kynímynd eða kynlífi. Ætla má að sambærileg staða sé uppi varðandi hinsegin börn og ungmenni, sem og börn og ungmenni af erlendum uppruna, en þau eiga sum reynslu af misrétti og jafnvel ofbeldi innan stjórnvaldsstofnanna. Rót þessara vandamála liggur gjarnan í fordómafullri menningu og því berum við ekki nægilegt traust til þeirra.

Ef vinna á að árangursríkum forvörnum gegn ofbeldi gagnvart jaðarsettum börnum og ungmennum er nauðsynlegt að félagasamtök þeirra komi með formlegri hætti að þessari

¹ Nixon, J. (2009a) 'Defining the Issue: The Intersection of Domestic Abuse and Disability.' *Social Policy and Society*, 8(4) pp. 475-485.

vinnu. Nú þegar hefur Tabú sinnt miklu starfi sem snýr að ofbeldi gegn fötluðu fólki og því búum við yfir þekkingu sem nauðsynleg er fyrir slíka vinnu. Það sama má segja um Átak, félag fólks með þroskahömlun., en aðkoma þeirra er einnig mikilvæg. Réttindagæslumenn fatlaðs fólks eru jafnframt lykilaðilar til þess að hafa samstarf við í þessum efnum. Við bendum jafnframt á að Samtökin '78 búa yfir mikilli þekkingu á fræðslumálum og jafningjastuðningi sem við teljum nauðsynlega til þess að forvarnirnar gagnist einnig hinsegin börnum og ungmennum. Það er ekki nóg að kalla þessa hópa að borðinu í litlum mæli heldur þurfa þeir að hafa virka aðkomu og áhrif í þessu ferli frá upphafi til enda. Reynslan og rannsóknir sýna að samráð við fatlað fólk á Íslandi er í algjöru lágmarki og hefur það haft skaðleg áhrif á stöðu okkar og ýtt undir mismunun.² Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks leggur ríkar kröfur á hendur aðildarríkja að sinna samráði við fatlað fólk, einnig börn, og að gera samtökum þess kleift að hafa virka aðkomu að stefnumótun og framkvæmd í öllum málum sem varða fatlað fólk.³

Að endingu finnst okkur mikilvægt að benda á að skýrar þarf að kveða á um aðkomu og áhrif barna og ungmenna almennt.

Vettvangur

Um leið og við teljum það jákvæða þróun að umrætt forvarnarstarf beinist að skóla og frístundarstarfi barna og ungmenna leggjum við áherslu á að flest fötluð börn og ungmenni dvelja og verja tíma á mun fjölbreyttari vettvangi en ófötluð börn. Það veldur okkur áhyggjum að ekki sé tekið tillit til þess í þessari þingsályktunartillögu en ef hún á að vera unnin á grundvelli hugmynda um samtvinnun (e. intersectionality) er nauðsynlegt að tekið sé tillit til þessa atriðis. Fötluð börn og ungmenni eru mikið ein með fullorðnu fólki, t.d. í ferðaþjónustu fatlaðs fólks, í hvers konar þjálfun, á skammtímadvölum og aðgreindum sumardvölum (einnig á veturnar). Vissulega beinist umrætt forvarnarstarf eingöngu að skóla og frístundastarfi en ef markmiðið er að ná árangri í að vinna gegn ofbeldi gagnvart fötluðum börnum og ungmennum er lykilatriði að fræðslan nái lengra til þessra hópa barna. Við leggjum sérstaka áherslu á ferðaþjónustu fatlaðs fólks, skammtímadvalir fyrir fötluð börn, Reykjadal, Barnaspítala Hringins og stærstu þjálfunarstaði, t.d. Æfingastöðina SLF.

Jafnframt leggjum við áherslu á að þingsályktunartillagan tilgreini það sérstaklega að fötluð börn og ungmenni eru oft útilokuð frá fræðslu um ofbeldi og/eða í tengslum við kynheilbrigði og kynhegðun þrátt fyrir að farið sé fram á annað. Mikilvægt er að setja fram skýrar leiðbeiningar um að umrædd fræðsla og forvarnarstarf þurfi alltaf að ná til fatlaðra barna og ungmenna. Þá teljum við að sérstaklega þurfi að ítreka að forvarnir og fræðsla fari einnig fram í sérskólum og sértækum frístundarúrræðum, meðal annars félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum. Við getum ekki treyst því að slík útilokun stöðvist ef ekki eru skýr fyrirmæli um að muna eftir þessum hópi.

Ein leið til þess að draga úr líkum á útilokun fatlaðra barna og ungmenna í þessu forvarnarstarfi í grunnskólum er að leggja áherslu á að í forvarnarteymum (C1) sitji ávalt

² Sjá:

https://www.researchgate.net/publication/324013949_Achieving_Disability_Equality_Empowering_Disabled_People_to_Take_the_Lead

³ Sameinuðu þjóðirnar (2006). *Convention on the rights of persons with disabilities*. Sótt 25. febrúar 2010 af <http://www.un.org/disabilities/default.asp?id=259>.

starfsmaður skóla sem ábyrgist sérkennslu, t.d. þroskaþjálfari eða sérkennari. Þær fagstéttir eru oftast í mestu návígi við fötluð börn og ungmenni í grunnskólum og því mikilvægt að þær hafi sæti í forvarnarteymum.

Við teljum eðlilegt að sérstakt fjármagn sé eyrnamerkt forvörnum fyrir þennan hóp en fáir ef einhverjir hópar barna og ungmenna eru jafn aðgreindir og útilokaðir eins og fötluð börn og ungmenni.

Námsefni um kynheilbrigði og kynhegðun

Við leggjum áherslu á að það námsefni sem hannað verður um kynheilbrigði og kynhegðun verði „inclusive“ á öllum skólastigum og leggi ekki síður áherslu á kynfrelsi og jákvæða og valdeflandi nálgun á kynlíf. Reynsla fatlaðs fólks af kynfræðslu er fremur neikvæð en hún inniber oftast ekki umfjöllun um fötlun sem margbreytileika og fjölmenningu. Þá er kynlíf og kynverund oft skilgreint mjög þröngt og lítil áhersla er lögð á valdeflingu og jákvæða umfjöllun um kynlíf. Kynfræðsla er oft óaðgengileg en mikilvægt er að allt kynfræðsluefni sé í boði sjónrænt, auðskilið og á táknmáli. Einnig er mikilvægt að tekið sé mið af þörfum nemenda með sjónskerðingu.⁴

Áætlað er að búa til sérstakt kynfræðsluefni fyrir nemendur á starfsbrautum framhaldsskóla. Ef fara á í slíkar aðgerðir er mikilvægt að huga einnig að öðrum skólastigum sem og félagsmiðstöðvum. Við leggjum þó mikla áherslu á að öll börn og ungmenni geti fengið sömu kynfræðsluna þó að hún sé mögulega útfærð með ólíkum hætti. Við vinnslu sérstaks kynfræðsluefnis leggjum við sérstaka áherslu á að það sé unnið af fötluðu fólki. Jafnframt að jaðarsettir hópar almennt hafi greiðan aðgang að því að semja kynfræðsluefni. Ef markmiðið er að Stígamót sjái um fræðslu til félagsmiðstöðva með verkefninu *Sjúk ást* er mikilvægt að kannað sé hversu mikið sú fræðsla fjallar um hinsegin málefni og fötlun. Enn og aftur ítrekum við að birtingarmyndir ofbeldis geta verið aðrar, og reynsla af kynlífi og kynverund, þegar hinsegin og fötluð börn og ungmenni eiga í hlut.

Almennt um forvarnir gegn ofbeldi gagnvart fötluðum börnum og ungmennum

Fötluð börn og ungmenni eru sá hópur sem er hvað útsettastur fyrir að verða þolendur ofbeldis. Tabú leggur áherslu á þá staðreynd að rannsóknir benda til þess að grunnvandi fatlaðra barna og ungmenna, þegar kemur að ofbeldi, sé aðgreining, skortur á viðeigandi þjónustu við fjölskyldur og stofnanavistun.⁵ Það er okkar trú að eina leiðin til þess að raunverulega ráðast að rót vandans sé með samfélagsumbótum og kerfisbreytingum á borð notendastýrða persónulega aðstoð fyrir börn og fjölskyldur, lokun stofnanna fyrir fötluð börn, markvissari stefnu um „inclusive“ skólakerfi og algilda hönnun. Á meðan fötluð börn alast upp í fjarlægð frá heimili sínu, í sérskólum, á sérdeildum og sem notendur ferðaþjónustu fatlaðs fólks, munu þau verða þolendur ofbeldis í ríkum mæli. Við höfum áhyggjur að því að

⁴ Freyja Haraldsdóttir. (2017). *‘I am discriminated against because I exist’: Psycho-emotional effects of multiple oppressions for disabled women in Iceland* (meistararitgerð, Háskóli Íslands, Reykjavík). Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/26559>.

⁵ WHO. (2011). World report on disability. Geneva: World Health Organization, Unicef.

(2013). *The State of the World's Children 2013: Children with Disabilities*. New York: Unicef.

hefðbundnar forvarnaraðgerðir, líkt og tilteknar eru í þessari þingsályktunartillögu, dugi skammt þegar fötluð börn og ungmenni eiga í hlut ef ekki er ráðist að rót vandans. Forvarnir og fræðsla til barna og fagfólks er mikilvægur liður í samfélagsumbótum en á meðan fötluð börn eru föst í kerfi sem jaðarsetur þau, takmarkar einkalíf og dregur úr þátttöku í samfélaginu munum við ekki sjá þær breytingar sem við viljum sjá.

Fyrir hönd Tabú

Freyja Haraldsdóttir, þroskaþjálfari, kynjafræðingur og doktorsnemi

Margrét Ýr Einarsdóttir, viðskiptafræðingur

Sigríður Jónsdóttir, viðskiptafræðingur með viðbótardiplómu í hagnýtri jafnréttisfræði,
aktivisti